

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 2/2007

Kæra Skjásins miðla ehf. á ákvörðun Neytendastofu 16. janúar 2007.

1. Þann 31. maí 2007 er tekið fyrir málið nr. 2/2007: Kæra Skjásins miðla ehf. á [ákvörðun Neytendastofu](#) 16. janúar sama árs. Í málinu úrskurða Egill Heiðar Gíslason, Ingiríður Lúðvíksdóttir og Ólöf Embla Einarsdóttir.
2. Með kæru, dags. 13. febrúar 2007 en mótttekinni 16. sama mánaðar, hefur kærandi skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu, dags. 16. janúar sama árs, um að hann hafi með skráningu lénsins sirkus.is brotið gegn ákvæðum 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Kærandi krefst þess að ákvörðun Neytendastofu verði felld úr gildi.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu og talsmann neytenda, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi til Neytendastofu, dags. 12. júlí 2005, kvartaði Helgi Hermannsson yfir óréttmætum viðskiptaháttum Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. vegna skráningar og notkunar lénsins sirkus.is. Þess var jafnframt krafist að Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. yrði gert að afskrá lénið hjá ISNIC að viðlögðum dagsektum svo og að félagið yrði sektað fyrir óréttmæta viðskiptahætti skv. V. kafla laga nr. 57/2005. Í bréfinu segir að Helgi sé eigandi vörumerkisins „Sirkus“ (orð- og myndmerki) hjá Einkaleyfastofu. Hann hafi skráð lénið sirkus.is hjá Internet á Íslandi hf. (ISNIC) 1. apríl 2005 og hafi greitt skráningargjald innan þess greiðslufrests sem úthlutunaraðilinn hafi sett. ISNIC hafi ranglega talið að greiðslan hafi ekki borist og hafi því hafnað umsókn um skráningu lénsins. Í kjölfar þessa hafi Íslenska sjónvarpsfélagið hf. sótt um skráningu lénsins sirkus.is og hafi verið skráð rétthafi lénsins 13. apríl sama árs. Í bréfinu kemur fram að úrskurðarnefnd léna hafi hafnað kröfu kvartanda um umskráningu lénsins með þeim rökum að það hafi verið afsakanlegt að ISNIC áttaði sig ekki á því að tiltekin innborgun væri greiðsla fyrir umsókn um skráningu lénsins sirkus.is, svo og að skráning vörumerkis sé forsenda þess að úrskurðarnefndin geti mælt fyrir um umskráningu léns. Vörumerkið mun ekki hafa verið skráð fyrr en 6. maí sama árs.
5. Í gögnum málsins kemur ennfremur fram að kvartandi, þá starfsmaður Íslenska sjónvarpsfélagsins hf., hafi síðari hluta árs 2004 unnið að þróun viðskiptahugmyndarinnar Sirkus. Kvartandi sótti af því tilefni um skráningu vörumerkisins Sirkus hjá Einkaleyfastofu í flokka 38 og 41 fyrir fjar-skipti, skemmtiefni og fræðslu. Kvartandi mun hafa boðið Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. hugmyndina til kaups en því boði hafi verið hafnað. Þann 9. apríl 2005 mun ráðningarsamningi

kvartanda við Íslenska sjónvarpsfélagið hf. hafa verið rift. Sama dag var tölvupóstur kvartanda skoðaður af yfirmönnum hans hjá félaginu. Þann 13. apríl sama árs, fékk Íslenska sjónvarpsfélagið hf. skráð lénið sirkus.is. Þann 6. maí 2005 setti sýslumaðurinn í Reykjavík lögbann á að kvartandi réði sig til eða starfaði í þjónustu 365 miðla. Hinn 24. júní 2005 hófu 365 ljósvakamiðlar ehf. útsendingar á sjónvarpsstöðinni Sirkus og hófu sama dag útgáfu tímarits með sama nafni. Þann 12. júlí sama árs beindi kvartandi kvörtun til Neytendastofu vegna óréttmætra viðskiptahátta Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. Þann 3. apríl 2006 var lögbannsmálinu vísað frá héraðsdómi vegna aðildarskorts þar sem gerðarbeiðandi, Íslenska sjónvarpsfélagið hf., hafði runnið saman við Símann á meðan málið var til meðferðar og synjað var um staðfestingu lögbannsins. Þann 20. júní 2006 úrskurðaði Persónuvernd að yfirmönnum kvartanda hjá Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. hefði borið að gefa honum kost á að vera viðstaddur þegar tölvupóstur hans var skoðaður þann 9. apríl 2005. Þann 2. ágúst 2006 tilkynnti Skjárinn Miðlar (áður Íslenska sjónvarpsfélagið hf.) Neytendastofu að léninu sirkus.is hefði verið afsalað til Sisól ehf. sem reki veitingastaðinn Sirkus.

6. Í kvörtun sinni til Neytendastofu heldur kvartandi því fram að Íslenska sjónvarpsfélagið hf. hafi brotið gegn 5., 6. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi markaðarins, sbr. áður ákvæði samkeppnislaga nr. 8/1993, sem voru fallin úr gildi þegar kvörtunin er lögð fram. Það séu ekki góðir viðskiptahættir af hálfu Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. að halda úti léninu sirkus.is. Fyrirtækið hafi enga lögmæta hagsmuni af notkun lénsins heldur sé tilgangurinn að koma í veg fyrir að sjónvarpsstöðin Sirkus og aðrir fjölmiðlar tengdir stöðinni geti notið þeirrar kynningar og auglýsingar sem felist í því að halda úti heimasíðu. Notkunin feli einnig í sér rangar og villandi upplýsingar þar sem lén sem beri nafn tiltekinnar sjónvarpsstöðvar leiði tölvunotendur inn á heimasíðu keppinautar stöðvarinnar. Kvartandi sé skráður eigandi vörumerkisins Sirkus og hann hafi heimilað 365 ljósvakamiðlum notkun merkisins en ekki Íslenska sjónvarpsfélaginu hf.
7. Með bréfi Neytendastofu, dags. 26. júlí 2005, var Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. boðið að gera athugasemdir við erindi kvartanda en barst ekki svar frá félaginu.
8. Með bréfi dags. 6. september sama árs sendi lögmaður kvartanda Neytendastofu auglýsingaefni til frekari staðfestingar á notkun 365 ljósvakamiðla á vöruheitinu og –merkinu Sirkus. Í bréfinu er vísað til þess að Íslenska sjónvarpsfélagið hf. hafi ekkert gert til að hindra notkun á nafninu Sirkus og verði það ekki túlkað á annan hátt en þann að félagið geri ekki kröfu til nafnsins og hljóti þá það sama að eiga við um lénið sirkus.is.
9. Með bréfi Neytendastofu dags. 19. september 2005 voru ofangreind gögn og athugasemdir kvartanda send Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. Í bréfi félagsins dags. 13. október sama árs, kemur fram að kvartandi hafi verið starfsmaður félagsins þegar hann hafi óskað skráningar lénsins sirkus.is og á þeim tíma hafi viðskiptahugmyndin Sirkus verið í umræðu innan fyrirtækisins. Félagið hafi því haft lögmæta hagsmuni af skráningunni en hafi ekki ætlað sér að hindra keppinaut með henni enda sé kvartandi samningsbundinn til að fara ekki í samkeppni við félagið næstu tólf mánuði.

10. Með bréfi Neytendastofu dags. 26. október 2005 var svar Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. sent lögmanni kvartanda til umsagnar. Í svarbréfi lögmannsins, dags. 1. nóvember sama árs, er vísað til fyrri raka um að tómlæti Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. bendi til þess að það telji sig ekki eiga neinn rétt til vörumerkisins og telji ekki að hagnýting 365 miðla á viðskiptahugmynd kvartanda sé í andstöðu við rétt félagsins. Ennfremur er bent á að málið varði verulega viðskiptahagsmuni kvartanda. Léninu sé haldið frá honum með ólögmetum hætti af aðila sem eigi hvorki tilkall til nafnsins Sirkus né reki starfsemi undir því nafni. Sjónvarpsstöðin Sirkus sé send út endurgjalds-laust og sé því í beinni samkeppni við Skjá einn, sem Íslenska sjónvarpsfélagið hf. eigi og reki. Ennfremur hafi kvartandi fengið vörumerkið Sirkus skráð athugasemdalaust hjá Einkaleyfastofunni.
11. Með bréfi Neytendastofu dags. 3. nóvember 2005 var Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. sent bréf lögmanns kvartanda til umsagnar en ekkert svar barst.
12. Hinn 14. desember sama árs tilkynnti Neytendastofa málsaðilum að gagnaöflun væri lokið en að fyrirjáanlegar tafir yrðu á afgreiðslu stofnunarinnar vegna málafjölda.
13. Með tölvupósti dags. 2. ágúst 2006 upplýsti framkvæmdastjóri Skjásins miðla ehf. (áður Íslenska sjónvarpsfélagið hf.) að lénið sirkus.is hefði verið framselt til Sisól ehf. sem reki veitingastaðinn Sirkus.
14. Með bréfi dags. 9. ágúst sama árs sendi lögmaður kvartanda viðbótargögn vegna kvörtunarinnar. Í þeim kemur fram að Persónuvernd hafi komist að þeirri niðurstöðu í máli nr. 2005/251 að yfirmaður kvartanda, framkvæmdastjóri Íslenska sjónvarpsfélagsins hf., hafi brotið gegn kvartanda með því að bjóða honum ekki að vera viðstaddur þegar tölvupóstur hans var skoðaður 9. apríl 2005. Einnig er frá því greint að lögmann sem sett hafi verið á það að kvartandi réði sig til eða starfaði í þjónustu 365 miðla hafi ekki verið staðfest fyrir dómi en við skýrslugjöf fyrir dómi í málinu hafi framkvæmdastjórinn lýst yfir því að hann hafi skráð lénið sirkus.is með s-i en ekki c-i þar sem komið hafi fram í bréfi framkvæmdastjóra 365 ljósvakamiðla til kvartanda að viðskiptahugmyndin hétu Sirkus. Telur lögmaðurinn framkvæmdastjórann hafa komist yfir upplýsingarnar á ólögmetan hátt og hafi hann því verið grandsamur þegar hann skráði lénið. Brot hans sé af þessum sökum enn alvarlegra.
15. Með bréfi Neytendastofu, dags. 10. ágúst sama árs, var það borið undir lögmann kvartanda hvort hann teldi ástæðu til að halda málinu áfram gegn Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. í ljósi framsals lénsins sirkus.is til Sisól ehf. Með svari dags. 24. ágúst sama árs óskaði lögmaðurinn eftir því að Neytendastofa tæki ákvörðun í málinu. Fram kemur að hann telur að til viðbótar við skráningu og notkun lénsins hafi framsal þess einnig verið ólögmet. Við framsal léns þurfi að uppfylla sömu skilyrði og við nýskráningu þess. Á þeim tíma sem lénið var framselt hafi vörumerki kvartanda verið skráð sem orðmerki hjá Einkaleyfastofu en hafi engu að síður verið skráð án samþykkis kvartanda. Að mati kvartanda er eini tilgangur framsalsins að halda léninu frá 365 miðlum.
16. Með bréfi Neytendastofu dags. 2. október sama árs var Skjánum miðlum ehf. (áður Íslenska sjónvarpsfélaginu hf.) tilkynnt að málið yrði ekki fellt niður og jafnframt voru gögn framsend því.

17. Í svari Skjásins miðla dags. 5. október 2006 segir að fyrrum yfirmenn kvartanda hjá Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. hafi neyðst til þess að skoða póst hans til þess að forða félaginu frá tjóni. Upplýsingar sem hafi þá komið í ljós hafi komið þeim á óvart. Bent er á að lögbannið hafi ekki fengið efnislega meðferð fyrir dómi heldur hafi kröfunni verið vísað frá vegna aðildarskorts vegna samruna Símans og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. Tekið er fram að Íslenska sjónvarpsfélagið hf. hafi einnig skráð lénið sirkus.is en ekki hafi verið spurt út í það fyrir héraðsdómi. Þar sem hugmyndin að sjónvarpsstöðinni Sirkus hafi sprottið upp innan Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. hafi félagið verið í fullum rétti til að skrá lénið og einnig til að framselja það.
18. Með bréfi Neytendastofu dags. 30. október 2006 var málsaðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

19. Með bréfi Neytendastofu, dags. 16. janúar 2007, var kvartanda tilkynnt ákvörðun stofnunarinnar í máli hans. Í rökstuðningi með ákvörðuninni stendur meðal annars þetta:
„Ekki hefur annað komið fram en að lénnafnið sirkus.is og vörumerkið Sirkus séu skráð á réttan hátt hjá skráningararaðilum. Neytendastofa telur því að 2. málslíður 12. gr. [laga nr. 57/2005] komi til álita í máli þessu. Ber þá að líta til þess hvort skráningaraðili hafi verið í góðri trú og hvort hægt sé að ruglast á léninu og vörumerkinu.

Fram hefur komið að Helgi sé skráður eigandi vörumerkisins Sirkus og hann heimili 365 ljósvakamiðlum að nota Sirkus sem nafn sjónvarpsstöðvar og annarra fjölmiðla tengdri henni. Skjárinn miðlar á lénið sirkus.is en tengsl fyrirtækisins við orðið sirkus eru vandséð önnur en að viðskiptahugmyndin Sirkus hafi verið í umræðu innan fyrirtækisins.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið, m.a. svokallaðra UDRP-reglna, fær Neytendastofa ekki séð að Skjárinn miðlar hafi verið í góðri trú þegar það skráði lénið sirkus.is og setti þar upp vefsetur sem beinir tölvunotendum á heimasíðu sína. Skjárinn miðlar hafi vísvitandi verið að vekja beint eða óbeint með neytendum hugmyndir um tengsl sjónvarpsstöðvarinnar Sirkus við Skjáinn miðla. Neytendastofa telur því að skráningin hafi verið framkvæmd til þess að hindra 365 ljósvakamiðla í að skrá lénið, valda ruglingi og trufla með því viðskipti fyrirtækisins. Slíkt telur Neytendastofa að brjóti í bága við góða viðskiptahætti samanber ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005. Jafnframt hafi Skjárinn miðlar brotið gegn ákvæðum 2. ml. 12. gr. laga nr. 57/2005 með því að nota lénið sirkus.is á þann hátt að gera megi ráð fyrir að neytendur myndu halda að lénið sýndi tengsl við 365 ljósvakamiðla.“

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

20. Með kæru, dags. 13. febrúar 2007 en mótttekinni 16. sama mánaðar, krefst kærandi, Skjárinn miðlar ehf., þess að felld verði úr gildi ákvörðun Neytendastofu nr. 2/2007, um að hann hafi með skráningu lénsins sirkus.is brotið gegn ákvæðum 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Kærandi telur ákvörðun Neytendastofu haldna bæði efnisannmörkum og formgöllum. Hann gerir ekki grein fyrir efnisannmörkunum en vísar til þess að ákvörðunin sé ógildanleg þar sem að sú athöfn sem Neytendastofa telji hafa brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 hafi farið fram tveimur og hálfum mánuði áður en lögin hafi

tekið gildi. Með skráningu lénsins hafi því ekki verið brotið gegn umræddum lögum og því beri að fella ákvörðunina úr gildi. Í öðru lagi telur kærandi ákvörðunina ógildanlega á grundvelli þess að andmælaréttar framsalshafa lénsins, Sisól ehf., hafi ekki verið gætt við málsmeðferð Neytendastofu. Sé skráning kæranda á léninu sirkus.is ólögmæt, teljist framsal hans á léninu til Sisól ehf. hugsanlega einnig ólögmæt, en það leiði til þess að unnt kunni að vera að brigða léninu til lögmæts rétthafa þess. Ákvörðun um ólögmæti upphaflegrar skráningar lénsins hafi mikil áhrif á það hvort Sisól ehf. teljist eiga lögvarinn rétt til lénsins. Því hefði Sisól þurft að njóta aðildar að málinu sem og andmælaréttar til þess að eiga kost á að koma að sínum sjónarmiðum og verja hagsmuni sína.

21. Með bréfi, dags. 20. febrúar 2007, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir umsögn Neytendastofu um kærana. Umsögn Neytendastofu barst nefndinni 6. mars 2007. Í umsögninni er þess krafist aðallega að kærinni verði vísað frá áfrýjunarnefndinni og til vara að ákvörðun Neytendastofu verði staðfest. Neytendastofa vísar til þess að kærana hafi borist áfrýjunarnefndinni að liðnum kærufresti. Ákvörðunin hafi verið birt kæranda 16. janúar sl. Kærufrestur hafi því runnið út 13. þess mánaðar en kærana hafi ekki borist áfrýjunarnefndinni fyrr en 16. febrúar sl. Þrátt fyrir að hún kunni að hafa verið pósthöfð rétt fyrir lokun pósthúss 13. sama mánaðar. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 62/2005 verði kærana að hafa borist áfrýjunarnefndinni innan fjögurra vikna frá því að aðila málsins hafi verið tilkynnt um ákvörðun. Kærana sé því of seint fram komin og því beri að vísa henni frá. Til stuðnings varakröfu sinni um staðfestingu ákvörðunar sinnar tekur Neytendastofa fram að 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum séu samhljóða 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Við gildistöku yngri laganna hafi eftirlit með ákvæðunum verið flutt frá Samkeppnisstofnun til Neytendastofu og hafi hún í ákvörðunum sínum vísað til yngri laganna. Skil milli þessara lagabálka séu því skýr og hafi kærandi ekki mótmælt þeim undir rekstri málsins hjá Neytendastofu. Vegna röksemdar kæranda að andmælaréttur hafi verið brotinn á framsalshafa, Sisól ehf., vísar Neytendastofa til þess að málið hafi ekki verið rekið gegn honum heldur kæranda og varði viðskiptahætti hans.
22. Með bréfi, dags. 13. mars 2007, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við umsögn Neytendastofu. Athugasemdir bárust með bréfi kæranda, dags. 29. sama mánaðar. Vegna aðalkröfu Neytendastofu um frávísun kærunnar vísar kærandi til þess að samkvæmt stjórnslurétti megi sérákvæði í lögum ekki draga úr því lágmarksréttaröryggi sem borgurunum sé veitt með stjórnslulögum nr. 37/1993. Þar sem 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu og talsmann neytenda, skýrð eftir orðanna hljóðan, dragi úr þeim rétti verði að skýra hana með hliðsjón af 27. gr. stjórnslulaga. Vegna varakröfu Neytendastofu um staðfestingu ákvörðunar stofnunarinnar í málinu vísar kærandi til þess að kærana hans hafi ekki lotið að efnislegu inntaki 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 heldur því að ákvörðun Neytendastofu hefði verið tekin á grundvelli rangra laga. Að lokum vísar kærandi til þess að upphaflegur kvartandi, Helgi Hermannsson, hafi ekki haft lögvarða hagsmuni af ákvörðun sem beindist að Skjánum miðlum ehf.
23. Með bréfi, dags. 10. apríl 2007, var upphaflegum kvartanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við umsögn Neytendastofu og greinargerð kæranda. Athugasemdir bárust með bréfi kvartanda, dags. 11. apríl sl. Þar er tekið undir sjónarmið Neytendastofu, sérstaklega þau sem lúta að vernd

vörumerkja og áreiðanleika þeirra í viðskiptum. Ennfremur er sú krafa ítrekuð að kærandi verði látinn sæta viðurlögum verði ákvörðun Neytendastofu staðfest.

NIÐURSTAÐA

24. Kærandi krefst þess að ákvörðun Neytendastofu nr. 2/2007 verði felld úr gildi.
25. Neytendastofa krefst þess að kærinni verði vísað frá þar sem hún sé of seint fram komin en til vara að ákvörðun hennar nr. 2/2007 verði staðfest.
26. Í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu og talsmann neytenda kemur fram að kæra skuli berast áfrýjunarnefnd neytendamála innan fjögurra vikna frá því aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Það er óumdeilt að ákvörðun Neytendastofu í máli nr. 2/2007 var birt kæranda 16. janúar sl. Kærufrestur hans hófst því 17. sama mánaðar og rann út þann 13. febrúar sl. Kæran barst áfrýjunarnefndinni þann 16. sama mánaðar. Að mati Neytendastofu ber að skýra 3. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 þannig að kæran verði að hafa borist nefndinni á þann stað sem hún getur vitjað kærunnar innan tímamarkanna. Markmið stjórnsýslulaganna nr. 37/1993 er að tryggja réttaröryggi borgaranna í skiptum þeirra við stjórnvöld. Með ákvæðum stjórnsýslulaganna eru borgurunum veitt lágmarksréttindi. Með sérákvæðum í lögum má veita borgurunum rýmri rétt en ekki skerða þann rétt sem stjórnsýslulög mæla fyrir um. Sérlæg sem mæla fyrir um minni rétt borgaranna en stjórnsýslulögin veita þeim verður því að skýra með hliðsjón af stjórnsýslulög-unum. Í 5. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga segir að kæra teljist nógu snemma fram komin ef bréf, sem hafi hana að geyma, sé komið til æðra stjórnvalds eða afhent pósti áður en frestur er liðinn. Með þessu ákvæði er borgurunum augljóslega veittur rýmri réttur en með 3. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005. Áfrýjunarnefndin telur því að skýra verði orðalagið „berast” í áður greindu ákvæði þannig að þegar kæra hafi fengið pósthólf verði að líta svo á að hún hafi „borist” í skilningi 3. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu og talsmann neytenda. Væri þessi merking ekki sett í orðið „berast” væri réttur borgaranna ekki aðeins skertur frá þeim lágmarksrétti sem settur er í stjórnsýslulögum heldur væri borgurunum einnig mismunað eftir búsetu. Þeir sem byggju fjærst pósthólfi áfrýjunarnefndarinnar hefðu þá styttri frest til að kæra en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Að mati áfrýjunarnefndarinnar verður kærinni því ekki vísað frá á þeim grundvelli að hún hafi ekki borist innan kærufrestsins.
27. Til stuðnings þeirri kröfu sinni að ákvörðun Neytendastofu nr. 2/2007 verði felld úr gildi vísar kærandi til þess að Neytendastofa hafi í ákvörðun sinni vísað til laga sem ekki voru í gildi þegar kærandi skráði lénið sirkus.is. Kærandi skráði lénið sirkus.is þann 13. apríl 2005. Þá voru í gildi samkeppnislög nr. 8/1993. Þann 1. júlí sama árs tóku gildi lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005. Ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 er orðrétt eins og 20. gr. laga nr. 8/1993. Ennfremur er 2. ml. 12. gr. laga nr. 57/2005 orðrétt eins og 2. ml. 25. gr. laga nr. 8/1993. Einungis er smávægileg orðalagsbreyting í 1. ml. 12. gr. laga nr. 57/2005 frá því orðalagi sem notað er í 1. ml. 25. gr. laga nr. 8/1993. Neytendastofa styðst hinsvegar ekki við 1. ml. 12. gr. í niðurstöðu sinni heldur einvörðungu 2. ml. ákvæðisins og hefur það því ekki þýðingu að velja þeirri orðalagsbreytingu fyrir sér í þessu máli. Þegar vísað er til laga er ekki

verið að vísa til innantómra númera heldur er verið að vísa til þeirrar reglu sem hefur fengið tiltekið greinarnúmer í tilteknum lögum. Sú regla að óheimilt sé að aðhafast nokkuð það sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem sé óhæfilegt gagnvart hagsmunum neytenda hafði frá 1. janúar 1993 til og með 30. júní 2005 tilvísunarnúmerið 20. gr. laga nr. 8/1993. Frá 1. júlí 2005 fékk þessi regla nýtt tilvísunarnúmer það er 5. gr. laga nr. 57/2005. Hið sama má segja um þá reglu að bannað sé að nota auðkenni sem maður á tilkall til á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Frá 1. janúar 1993 til og með 30. júní 2005 var vísað til þessarar reglu sem 2. ml. 25. gr. laga nr. 8/1993 en frá 1. júlí 2005 fékk hún tilvísunarnúmerið 2. ml. 12. gr. laga nr. 57/2005. Viðkomandi reglur, annars vegar sú sem bannar að brotið sé gegn góðum viðskiptaháttum í atvinnustarfsemi og hinsvegar sú sem bannar notkun eigin auðkennis þannig að unnt sé að villast á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti, giltu á öllu því tímabili sem um ræðir þó að þær fengju ný tilvísunarnúmer þann 1. júlí 2005. Neytendastofa byggði á því að brotið hefði verið gegn viðkomandi reglum. Þykir það engin áhrif hafa á gildi ákvörðunar hennar þó einungis væri tilgreint það tilvísunarnúmer sem þessar reglur hafa nú en ekki einnig það tilvísunarnúmer sem þær höfðu fyrir 1. júlí 2005. Að mati áfrýjunarnefndarinnar verður ákvörðun Neytendastofu því ekki ógilt á þeim grundvelli að vísað hafi verið til laga sem ekki voru í gildi þegar kærandi skráði lénið sirkus.is.

28. Til stuðnings þeirri kröfu sinni að ákvörðun Neytendastofu nr. 2/2007 verði felld úr gildi vísar kærandi ennfremur til þess að Neytendastofa hafi við töku ákvörðunar sinnar brotið gegn andmælarétti Sisól ehf. sem kærandi hafði framselt lénið sirkus.is. Ákvörðun Neytendastofu fól einungis í sér mat á því hvort háttsemi kæranda við skráningu og notkun á léninu sirkus.is braut gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 og þar með gegn rétti Helga Hermannssonar. Sisól ehf. átti enga aðild að því máli. Að mati áfrýjunarnefndarinnar hefði aðild Sisól ehf. að málinu einungis komið til greina hefði ákvörðun Neytendastofu að einhverju leyti varðað framsal kæranda á léninu. Þar sem svo var ekki er það mat áfrýjunarnefndarinnar að ákvörðun Neytendastofu hafi ekki verið áfátt að þessu leyti og verði ekki felld úr gildi af þeim sökum.
29. Það er því niðurstaða áfrýjunarnefndarinnar að ekki standi rök til að fella úr gildi ákvörðun Neytendastofu nr. 2/2007.
30. Í umsögn sinni um framkomna kæru og greinargerðir Neytendastofu og kæranda beinir upphaflegur kvartandi því til áfrýjunarnefndarinnar að hún skuli beita brotlegan aðila viðurlögum verði ákvörðun Neytendastofu staðfest. Í lögum nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins er veitt heimild til að sekta þá sem taldir eru hafa brotið gegn ákvæðum laganna. Samkvæmt 22. gr. laganna nær sektarheimildin þó einungis til brota gegn nánar tilgreindum ákvæðum. Samkvæmt ákvæðinu er hvorki heimilt að sekta fyrir brot gegn 5. né 12. gr. laganna. Áfrýjunarnefnd neytendamála hefur því engar heimildir til að sekta vegna brota gegn þessum ákvæðum.
31. Samkvæmt framansögðu er hin kærða ákvörðun staðfest.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.